

Stuðningur við þvagrás

Stuðningur við þvagrás er aðgerð sem gerð er vegna áreynsluþvagleka ef önnur meðferð hefur ekki skilað árangri. Aðgerðin er ýmist gerð í staðdeygingu, svæfingu eða mænudeygingu og tekur um 30 mínútur.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Hætta þarf að taka blóðþynnningarlyf, önnur en magnýl og hjartamagnýl og er það gert í samráði við skurðlækni.


Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjá: „Ráðgjöf í reykbíndindi“ og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu/deygingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.



Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu/deyfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahóteli ef þörf er á.

Aðgerðardagur

Fara þarf í sturtu heima að morgni aðgerðardags, klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip og naglalakk. Ekki má nota húðkrem, ilmeftni eða andlitsfarða eftir sturtuna.

Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin eru daglega.

Á dagdeild þarf að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist.

Aðgerðin er gerð gegnum leggöng og tvö lítil stungusár gerð fyrir ofan lífbein. Bandi er komið fyrir undir þvagrásina og styður það undir hana. Í aðgerðinni er gerð blöðruspeglun til að tryggja að bandið liggji rétt og stundum er settur þvagleggur sem liggur í þvagblöðru. Einnig er stundum sett tróð í leggöng sem þá er fjarlægt fyrir útskrift.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknun og síðan aftur á dagdeild 13D. Útskrift er áætluð 2–4 klukkustundum eftir aðgerð.

Verkir

Verkjalyf eru gefin í samráði við sjúkling. Búast má við að finna fyrir eymslum yfir lífbeini og aukinni þvaglátstilfinningu.

Næring

Borða má og drekka strax við komu á deild.

Þvaglát

Fylgst er með þvaglátum og mælt afgangspvag. Fyrir útskrift er gert ráð fyrir að innihald blöðru sé ekki meira en 100–200 ml eftir þvaglát. Það magn mun síðan minnka eftir því sem frá líður. Í einstaka tilfellum liggur bandið of þétt upp að þvagrásinni þannig að fullkomin tæming verður ekki á þvagblöðrunni við þvaglát og er þá stundum settur tímabundinn þvagleggur. Ef þvagleggur hefur verið settur í aðgerðinni, er hann tekinn samdægurs eða á göngudeild þvagfæra 11A næsta morgun.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftarfræðslu
- rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef með þarf
- tíma á göngudeild þvagfæra 11A til þvagleggstöku ef með þarf
- endurkomutíma hjá sérfræðingi

Útskrift**Verkir**

Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir seinka bata. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, á 6–8 klst. fresti. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Þvaglát og hægðir

Gott er að fara reglulega á salerni yfir daginn, á 3–4 klst. fresti og gefa sér góðan tíma til að tæma blöðruna. Mælt er með því að drekka vel eða um 2 lítra af vökva yfir sólarhringinn. Sé of lítil drukkið getur það valdið ertingu í þvagblöðrunni. Nauðsynlegt er að halda hægðum mjúkum því ekki má rembast mikið. Borða trefjaríka fæðu, svo sem ávexti, grænmeti og gróft brauð. Ef það dugar ekki er gott að drekka glas af sveskjusafa einu sinni til tvisvar á dag.

Hreyfing

Forðast skal mikla áreynslu svo sem leikfimi, sund og að lyfta þungum hlutum (yfir 10kg) í um 2 vikur frá aðgerð.

Grindarbotnsæfingar

Grindarbotnsvöðvarnir mynda botninn í mjaðmagrindinni og halda uppi og styðja við líffærin í grindarholinu (endaþarm, leg og þvagblöðru). Byrja má að gera grindarbotnsæfingar 2 vikum eftir aðgerð.

Blæðing frá leggöngum og kynlíf

Blæðing frá leggöngum er einstaklingsbundin. Gott hreinlæti er mikilvægt, fara má í sturtu en ekki baðkar fyrstu 2 vikurnar. Æskilegt að nota bindi en ekki tíðatappa. Ekki er ráðlegt að hafa samfarir, hjóla eða stunda hestamennsku í 6 vikur eftir aðgerð.

Vinna

Ráðlögð er hvíld frá vinnu í 1-2 vikur en það fer eftir eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina. Reikningur er sendur heim eftir útskrift. Verðskrá er birt með fyrirvara um breytingar á gjaldskrá Landspítala.

Hafa skal samband við dagdeild 13D ef:

- verkir minnka ekki við verkjalyf
- þvaglát ganga illa (sviði, verkur yfir lífbeini eða mikil þvagtrengða)
- líkamshiti er hærri en 38°C
- illa lyktandi útfærð
- óeðlilegar og kröftugar blæðingar

Dagdeild 13D er opin virka daga frá klukkan 7 til 19, sími: 543 7480.

Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga frá klukkan 8 til 16, sími: 543 7100.

Utan þess tíma má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi deildarlækni á skurðlækningasviði á Hringbraut.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

SKURDLÆKNINGASVIÐ

MARS 2014

SKURD-353

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR

ÞVAGFÆRASKURDLÆKNINGA OG

DEILDARSTJÓRI 13D

HÖNNUN:

KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC